

Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2023
Tilv.:23091932 / GÁÓ

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir afstöðu Samgöngustofu til frumvarps til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

Meðal annars í ljósi nýlegrar umræðu um fiskeldi og öruggar siglingaleiðir, og þau áhrif sem mannvirki tengd sjósækinni starfsemi kunna að hafa á siglingaöryggi, er það mat Samgöngustofu að rétt sé að kveða á um með skýrum hætti að ráðherra hafi heimild til þess að skilgreina sérstök svæði sem frátekin eru fyrir siglingar, eða tilgreina hvaða leiðir eru fráteknar fyrir siglingar vegna náttúrulegra aðstæðna eða annarra þátta.


Í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála var áður að finna heimild fyrir Samgöngustofu til að *kveða á um skipulag umferðar- og leiðsögukerfa í lofti og á láði og legi*. Með lögum nr. 80/2022 um loftferðir voru gerðar þær breytingar á lögum nr. 119/2012 um Samgöngustofu, að áðurnefnd 3. mgr. 4. gr. laganna var felld brott, sbr. 258. gr. laga nr. 80/2022 um loftferðir. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 80/2022 um loftferðir kemur fram að ástæða þessara breytinga sé að 3. mgr. 4. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu kveði á um setningu reglna sem í reynd sé á forræði ráðherra að setja.

Samgöngustofa leggur því til að bæta við í 1. mgr. 13. gr. laga um vaktstöð siglinga, að ráðherra hafi heimild til að skilgreina í reglugerð sérstakar siglingaleiðir eða takmarka umferð tiltekinna tegunda skipa.

Virðingarfyllst,



Guðrún Ásta Ólafsdóttir
lögfræðingur



Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir
deildarstjóri lögfræðideildar